

Reykjavík 30.maí 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða) . 569. mál frá nefndarsviði Alþingis.

Undirritaður telur það hafa verið mikið gæfu- og framfaraskref fyrir nýsköpun á Íslandi að taka upp 35% endurgreiðsluhlutfall af rannsóknar og þróunarkostnaði fyrir minni fyrirtæki í hugverkaiðnaði. Þetta skref sem var tekið tímabundið árið 2020 hefur stutt vel við innlendan hugverka- og þekkingariðnað og er tölvuleikjaiðnaðurinn, sem undirritaður starfar við, hluti af því mengi þar sem merkjanlegur árangur hefur náðst strax á þessum 2 árum og ef vel verður haldið á spöðunum sjáum við mikinn áframhaldandi árangur á komandi árum, þar sem mikil gróska er í leikjaiðnaðinum hér á landi og margt spennandi að gerast í alþjóðlegu samhengi. Það ber að þakka og hrósa þeim sem komu að þeirri vinnu og ákvarðanatöku að hækka R&D endurgreiðsluna upp í 35%. Nú er mikilvægt að falla ekki frá eða minnka þetta hlutfall niður í 30% til að hámarka þann árangur sem hefur náðst og uppskera ríkulega í framtíðinni, því þetta er jú fjárfesting í framtíðinni.

Undirritaður hefur starfað í tölvuleikjageiranum meira og minna frá því hann kom að stofnun CCP við þriðja mann árið 1997 en það var í rauninni fyrsta alvör fyrirtækið á þessu sviði hér á landi. Á þeim tíma var stuðningsumhverfið mjög veikburða á Íslandi og margoft stóð CCP mjög tæpt og var í raun nokkrum sinnum tæknilega gjaldþrota en keyrt áfram af þvermóðsku lykilmanna sem þurftu m.a. að fara í gegnum sex mánaða launalausán tíma. Undirritaður er viðskiptafræðimenntaður og oft kom sú hugsun upp að betra væri bara að leggja árar í bát og fara að vinna í banka, sem borguðu á þeim tíma vel. Sem betur fer fyrir undirritaðan og alla hina sem drógu vagninn launalaust, fjárfestana sem höfðu lagt félaginu til fjármagn og aðra hagsmunaaðila s.s. Íslenska ríkið, héldu menn áfram að róa og hafðist það á endanum að koma félaginu fyrir vind. CCP hefur frá stofnun aflað gífurlega mikilla gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið og þar með beinum og óbeinum tekjum til ríkissjóðs. Það er til mikils að vinna og því mikilvægt að tryggja stoðirnar fyrir nýsköpunarfyrirtæki í landinu og skapa samkeppnishæft umhverfi á við lönd sem standa vel að málum varðandi innviði fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og við sem þjóð viljum gjarnan bera okkur saman við.


Árið 2015 stofnaði undirritaður við annan mann tölvuleikjafyrirtækið 1939 Games, en í dag starfa 22 starfsmenn hjá félaginu en fyrsta varan/leikurinn KARDS kom út fyrir PC tölvur á leikjaveitunni Steam árið 2020. Þegar þetta er ritað hefur leikurinn verið þýddur og staðfærður á 9 tungumál, yfir 850 þúsund spilarar hafa hlaðið niður og spilað leikinn og hann skilað um 500 m. kr. í tekjur þar sem 99,8% eru erlendar gjaldeyristekjur. Stærstu tækifærin eru enn fram undan en leikurinn verður gefinn út með mjög öflugum útgefanda í S-Kóreu á morgun, 31. maí, en það er einn stærsti og verðmætasti leikjamarkaður heims. Þá er verið að leggja lokahönd á snjallsímaútgáfu leiksins þar sem stærstu tækifærin liggja. 1939 Games hefur fengið öflugan hóp fjárfesta að borðinu sem hafa fjárfest fyrir yfir 10 m. USD í félaginu en 80% þeirrar

fjárfestingar hefur komið frá erlendum sérhæfðum fagfjárfestunum. 35% endurgreiðsluhlutfallið hefur verið einn af þeim mikilvægu þáttum sem lögðust á vogarskálarnar og skiptu klárlega mjög miklu máli í síðustu fjármögnun félagsins, seint á síðasta ári, en sú fjármögnun nam 5,3 m. USD eða um 690 m. kr. á gengi þess tíma. 85% þeirrar fjárfestingar kom erlendis frá. Fjárfestingasjóðir sem sérhæfa sig í fjárfestingum í leikjaiðnaðinum horfa til ýmissa þátta s.s. teymið, reynslu, hugmyndirnar að leiknum/leikjum og síðast en ekki síst hvernig samkeppnishæfni landsins er þegar kemur að því að láta þennan iðnað vaxa og dafna. 35% endurgreiðsla á R&P skiptir hér gífurlega miklu. R&P endurgreiðslan hefur skipt miklu máli varðandi staðsetningu og uppbyggingu 1939 Games. Um tíma var það skoðað að byggja fyrirtækið upp á erlendri grundu en fyrirtækið tók endanlega ákvörðun árið 2020 að aðaluppbyggingin yrði hér á landi og allur höfundarréttur yrði varðveittur hér á landi.

Þess má geta að á haustmánuðum síðasta árs hlaut 1939 Games Vaxtarsprotann sem er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannís og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Það skiptir miklu máli til að nýta þau sóknartækifæri sem leikjaiðnaðurinn stendur frammi fyrir hér á landi til fulls, nú er vindur í seglum, nú er lag. Mörkum okkur farsæla framtíð og tryggjum samkeppnishæfni landsins á þessu sviði til að uppskera í framtíðinni enn frekar. Leikjaiðnaðurinn er mjög svo vaxandi alþjóðlegur iðnaður og fyrir Ísland að marka sér sterka stöðu með 35% endurgreiðslu R&P mun skapa góð skilyrði og vera góð fjárfesting í raun nú þegar og enn betri til lengri tíma litið, það er undirritaður viss um.

Virðingarfyllt,



Ívar Kristjánsson, forstjóri 1939 Games.

Sími: 863 9339

tölvupóstur: ivar@1939games.com